

**52. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,
4. mars 2021
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB), Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH), Aðalsteinn Magnússon (AM), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), Jóhann Birkir Helgason (JBH) og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Einir Steinn Björnsson, Formaður

Jóhann Birkir Helgason, byggingarfulltrúi og Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi voru á símafundi.

Dagskrá:

1 Umsókn um breytingu á deiliskipulagi - 2009255

Tekið fyrir að nýju deiliskipulag hafnarsvæðis eftir að sveitarstjórn frestaði afgreiðslu erindisins á fundi sínum þann 18. febrúar 2021. Þar var því beint til skipulagsfulltrúa að beygjuradíus götunnar niður að höfn verði víkkaður, bátarennan verði skilgreind á skipulaginu og reitur austan við bátarennuna verði skilgreint sem áningarsvæði og skuli vera autt.

Skipulagsfulltrúa falið að gera breytingar til samræmis við umræður á fundinum og leggja fyrir nefndina.

2 Lambeyri. Landskipti - 1708007

Tekin fyrir umsókn frá eigendum Lambeyrar þar sem óskað er eftir skiptingu jarðarinnar í tvo hluta skv. meðfylgjandi uppdráttum.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðar í landi Lambeyrar sbr. jarðalög nr. 81/2004 og skipulagslög nr. 123/2010. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að heimila stofnun lóðar í landi Lambeyrar L140301.

3 Sveinseyri, uppskipting lands - 2103014

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Hannes Bjarnasyni dags. 1. mars 2021 þar sem óskað er eftir skráningu nýrrar landeignar undir fiskeldisstöð úr landi Sveinseyrar. Meðfylgjandi er lóðarblað unnið af Verkís, dags. 1.3.2021.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðar í landi Sveinseyrar sbr. jarðalög nr. 81/2004 og skipulagslög nr. 123/2010. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að heimila stofnun lóðar í landi Sveinseyrar L140310.

4 Aðalskipulag ósk um umsögn um tillögu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 - 2102636

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Óskari Erni Gunnarssyni, skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar dags. 10.2.2021 þar sem óskað er umsagnar á tillögu að Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035. Jafnframt lagt fram bréf frá sveitarstjóra Tálknafjarðar dags 19. febrúar 2021 þar sem sveitarstjórn vísar tillögunni til umfjöllunar í Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við tillögu að aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035.

5 Fyrirspurn frá Borholuskrá Orkustofnunar - vegna verkkaupa að borholum - 2102618

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Þórunni Erlu Sighvats f.h. Orkustofnunar þar sem óskað er eftir upplýsingum um þrjár borholur í landi Tungu í Tálknafirði

Lagt fram til kynningar.

6 Sundlaug Tálknafjarðar, viðbygging - 2102599

Tekin fyrir umsókn frá Tálknafjarðarhrepp dags. 3. febrúar 2021 er varðar byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við Íþróttamiðstöðina skv. teikningur frá Gínga teiknistofu dags. 4.3.2021.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að samþykki aðalhönnuðar húss liggja fyrir.

Byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Benedikt Davíð Hreggviðsson
(BDH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)
